

# Nám í iðjuþjálfunarfræði

* Hægt að nema við Háskólann á Akureyri
* Bæði staðar- og fjarnám
* 4 ára háskólanám til BS gráðu
* Nemendur öðlast góða þekkingu á uppbyggingu og starfssemi mannslíkamans, sálfræði, félagsfræði og þroska mannsins
* Nemendur læra iðjuvísindi
* Nemendur læra um það sem ógnar heilsu fólks s.s. sjúkdóma og umhverfisþætti
* Nemendur læra um ýmsar leiðir til að mæta þörfum fólks til að takast á við dagleg viðfangsefni og þátttöku í samfélaginu
* Nemendur eru 24 vikur á vettvangi iðjuþjálfunar

Háskólinn á Akureyri

Sjá nánar á www.unak.is



sjálfstæði - þátttaka - lífsgæði

# Iðjuþjálfar

Þegar erfiðleikar koma upp sem hafa áhrif á daglega iðju fólks, kemur sérþekking iðjuþjálfa að gagni við að auka færni þannig að viðkomandi öðlist aukið sjálfstæði og lífsfyllingu.

**Sjáðu hvernig hér inni í bæklingnum.**

IÐJUÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

Iðjuþjálfar fræða skjólstæðinga
með gigt um liðvernd
og kenna liðkandi handaæfingar



Iðjuþjálfar endurhæfa aldraða eftir veikindi
og aðlaga heimilin að þörfum þeirra

Iðjuþjálfar meta getu aldraðra til að sjá um sig sjálfir

**Iðjuþjálfar aðstoða fólk sem þarf að glíma við mikla færniskerðingu eftir slys að aðlagast breyttum aðstæðum og verða sjálfbjarga á ný í daglegu lífi**

Iðjuþjálfar búa til og aðlaga
handar- og fingurspelkur



**Iðjuþjálfar stuðla að aukinni þátttöku einstaklinga í samfélaginu**

**Iðjuþjálfar meta þörf fyrir hjálpartæki og þjálfa fólk í notkun þeirra**

Iðjuþjálfar veita ráðgjöf um mikilvægi
réttrar líkamsbeitingar við vinnu





# Hvað gera iðjuþjálfar?

Starfsvettvangur iðjuþjálfa er á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála, ýmist innan eða utan stofnana samfélagsins. Iðjuþjálfar starfa hjá hinu opinbera við skipulagningu heilbrigðis- og félagsþjónustu og við hönnun umhverfis. Þeir starfa hjá fyrirtækjum eða sem sjálfstæðir ráðgjafar svo sem við heilsueflingu og forvarnarstarf.

**Iðjuþjálfar efla félagsfærni barna**



Iðjuþjálfar þjálfa fín- og
grófhreyfingar hjá börnum

Iðjuþjálfar meta færni við akstur
og þörf fyrir hjálpartæki í bíla

**Iðjuþjálfar sjá styrkleika fremur en veikleika**



Iðjuþjálfar veita ráðgjöf til aðstandenda
einstaklinga með heilabilun

**Iðjuþjálfar finna hagkvæmar og góðar lausnir**

Iðjuþjálfar hjálpa fólki með geðraskanir að
efla áhugahvöt sína og trú á eigin áhrifamátt

Iðjuþjálfar sinna eftirfylgd einstaklinga
sem hafa útskrifast af stofnunum

Bæklingur gerður fyrir Iðjuþjálfafélag Íslands 2011 - **www.ii.is**